

# Foreldrahæfni í Evrópu samtímans

## Leiðbeiningar handa fagfólki

### HLUTVERK OG ÁBYRGÐ FAGFÓLKS

#### 1. Inngangur

Þessi grein er ætluð öllu fagfólki sem vinnur með börnum og fjölskyldum, og jafnframt fullorðnum sem hafa forræði barna undir 18 ára aldri. Markmiðið er að leiðbeina fagfólki um hvernig má styðja við foreldrahæfni. Foreldrahæfni er skilgreind sem hegðun foreldra og gildismat sem byggist á því sem barninu kemur best; í því felst að setja barninu mörk og ala það upp án ofbeldis þannig að hvert barn nái besta mögulegum þroska.

Til þess að styrkja foreldrahæfni skal fagfólk einbeita sér að því að skilja þarfir barns á þroskaskeiði og skyldur foreldra og hæfni þeirra til að uppfylla þessar þarfir, samband og samskipti allra í fjölskyldunni og þarfir fjölskyldunnar sem grundvallareiningar í samfélaginu. Ef afskipti eru höfð af fjölskyldu skulu þau ætíð miðast við hag barnsins – rétt barnsins og þarfir eins og þau atriði eru skilgreind í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (UNCRC) og meginlagasetningum Evrópuráðsins (t.d. Sáttmála um verndun mannréttinda og grundvallarfrelsis, Félagsmálasáttmála Evrópuráðsins og endurskoðuðum Félagsmálasáttmála Evrópuráðsins).

Upplýsingar um þarfir barna á þroskaskeiði og ábyrgð foreldra koma fram í 2. hluta hér á eftir en í 3. hluta eru leiðbeiningar handa fagfólki sem vinnur með foreldrum. Þverfaglegt samstarf þeirra sem sinna þjónustu við foreldra er mjög mikilvægt og alls ekki ætti að kljúfa starfið niður í aðskildar einingar.

Til þess að styðja fagfólk í þessari viðleitni er mikilvægt að allir sem slíkri þjónustu sinna vinni með það að leiðarljósi að þeir séu félagar foreldranna og

aðstoði þá við að sinna foreldrahluverkinu sem allra best. Þjónusta sem á að stuðla að bættri foreldrahæfni á að byggjast upp af eftirfarandi meginþáttum:

- Foreldrafræðslu þar sem foreldrum er kennt að ala barn sitt upp á jákvæðan hátt, þannig að barnið öðlist eins mikinn þroska og mögulegt er;
- Stuðningi við foreldra sem gerir þeim kleift að takast á við hlutverk sitt og axla ábyrgð sína eins vel og þeim er unnt, og
- Að hvetja til breytinga á hegðun foreldra þegar við á, ef talið er að sú breyting komi barninu til góða og auki þroska þess.

Stjórnendur sem líta svo á að þessir þrír meginþættir foreldrahæfni skipti meira máli en faglegt hlutverk og ábyrgð starfsmanna sinna fá starfslið sitt að öllum líkindum til að veita foreldrum góðan stuðning við að ala upp börn sín.

## **2. Leiðbeiningar handa foreldrum: þarfir barna og ábyrgð foreldra**

### ***1. Það sem snýr að barninu: barnið og réttur þess***

Í réttindunum sem tilgreind eru í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (UNCRC) er lögð áhersla á rétt barnsins til að njóta verndar og fá að taka þátt í lífi fjölskyldunnar og samfélagsins. Við þetta er rétt að bæta að mikil áhersla er lögð á þroska barnsins, þ.e. að styðja barnið til að ná þeim þroska sem því er unnt. Foreldrahæfni, samkvæmt þessum grundvallaratriðum Barnasáttmálans og þekkingu sem aflað hefur verið með rannsóknum, felur því í sér:

- ✓ Að sjá barninu fyrir *öruggu umhverfi og sinna grunnþörfum þess*, þar á meðal að sjá því fyrir húsaskjóli, mat, vatni, heilbrigðis- og tannlæknaþjónustu.

- ✓ Að veita barninu *nærandi stuðning* sem svarar þörf þess fyrir tilfinningalega næringu, öryggi og að því finnist það eiga heima í fjölskyldunni. Foreldrar eiga að sinna þörf barnsins fyrir hlýju, viðurkenningu, andsvör, þátttöku og stuðning.
- ✓ Að veita barninu *kjölfestu (Structure)* sem felst í því að skýra fyrir því hvaða hegðun er við hæfi og vera því góð fyrirmynd. Öll börn þurfa mörk og leiðsögn til að tryggja líkamlegt og andlegt öryggi þeirra og að þau þroski eigið gildismat og ábyrgðarkennd, bæði gagnvart sjálfum sér og samfélaginu.
- ✓ Að barnið njóti *viðurkenningar (Recognition)* sem miðast við þörf þess fyrir að á það sé hlustað og foreldrarnir veiti því andsvör og taki þátt í reynslu þess. Ef lífsreynsla barnsins og skoðanir eru virt á heimilinu stuðlar það mjög að auknum þroska þess.
- ✓ Að *efla sjálfsvitund barnsins (Empowerment)* og stuðla með því að sjálfstjórn þess og sjálfsgaga og auka hæfni þess til að hafa áhrif á skoðanir og hegðun annarra. Í því felst að draga fram styrkleika barnsins sem endurspeglar þá trú að orku sé hægt að leysa úr læðingi, og það meira að segja aftur og aftur. Foreldrar ættu að hafa trú á þroskamöguleikum barnsins og styðja við hegðun þess og hugmyndir með þátttöku og umræðum.

## **II. Ábyrgð foreldra**

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á að foreldrar njóti stuðnings til að geta sinnt ábyrgð sinni gagnvart börnunum. Foreldrar ættu að geta:

- séð börnum sínum fyrir grunnþörfum eins og líkamlegum þörfum, heilbrigðis- og tannlæknaþjónustu, þar á meðal næringu, yl, húsaskjól og klæðum;

- tryggt öryggi þeirra með því að vernda barnið gegn hættum á heimilinu og utan þess;
- tryggt að tilfinningalegum þörfum barnsins sé fullnægt, barninu finnist það sjálft mikils virði og þjóðleg og menningarleg sjálfsmynd þess sé líka í miklum metum;
- örvað barnið til náms og lærdóms með því að hvetja það og gefa því tækifæri til að auka vitsmunaproska sinn;
- veitt barninu leiðsögn og sett því mörk, kennt því að hafa stjórn á tilfinningum sínum og hegðun – án þess að beita það líkamlegum refsingum; og
- tryggt barninu traust fjölskyldulíf þannig að það finni til öryggis og tengist foreldrum sínum sterkum böndum.

Hjálp sem foreldrar eiga að geta leitað sér má vel hugsa sér í þremur stigum:

- Innri aðstoð foreldra hvors við annað – að þau noti þekkingu sína og hæfni (til dæmis varðandi þroskastig barna), og hafi góða heilsu, líkamlega og andlega, og hæfni til að leysa úr vandamálum;
- Aðstoð innan fjölskyldunnar – dæmi um góða foreldrahæfni og góð samskipti fólks á heimili;
- Ytri aðstoð við heimili – stuðningur stórfjölskyldu og vina, nágretta, samfélags, fjárhagslegur stuðningur, vinnumiðlun, félagsþjónusta, leikskólar, menntun.

### **III. Hæfni foreldra**

Aðstoð við foreldra getur vel falist í að efla hæfni þeirra, t.d. með menntun og fræðslu. Eftirfarandi atriði ætti að leggja áherslu á:

- Að hvert barn er einstakt og þarfir þess síbreytilegar eftir þroskastigum, frá frumbersku til gelgjuskeiðs;
- Mikilvægi góðra og sterkra tengsla barns og foreldra fyrir þroska barnsins;
- Sjálfstraust foreldris og hæfni til að skipuleggja uppeldið;

- Getu til að efla félagslega hæfni barnsins;
- Að setja mörk, án valdbeitingar;
- Að skilja mikilvægi andlegs þroska og siðgæðisþroska barnsins;
- Að það er grundvallaratriði að foreldri hugsi vel um sjálft sig til að geta tekist á við kröfur lífsins;
- Persónuleg samskipti og skilningur á lífi allra í fjölskyldunni;
- Atriði sem draga úr foreldrahæfni, til dæmis heimilisofbeldi, áfengis- eða fíkniefnaneysla og önnur heilbrigðisvandamál, óreglulegt líferni, tilfinningaleg vandamál, háskaleg viðhorf og skilningsleysi á þörfum barnsins.

#### **IV. Samskipti innan fjölskyldunnar**

Góð samskipti innan fjölskyldunnar eru lykilatriði hvað varðar foreldrahæfni. Eftirfarandi atriði skipta þar mestu máli:

- Virðing foreldra fyrir barninu og næmi á þarfir þess og andsvör við þeim;
- Að hegða sér vel, tala við barnið og vera því góð fyrirmynd;
- Góð samskipti milli fullorðinna sem gegna foreldrahlutverkinu, án tillits til hvernig fjölskyldan er upp byggð;
- Góð samskipti systkina og annarra barna í fjölskyldunni;
- Að deilur séu leystar og aga haldið uppi án ofbeldis.

#### **V. Stórfjölskyldan og óformlegt stuðningskerfi**

Stórfjölskyldan og óformlegt stuðningskerfi samfélagsins getur komið foreldrum og börnum að verulegu gagni. Í vinnu með börnum og fjölskyldum ætti, þegar mögulegt er, að reyna að skilgreina:

- Hve gott sambandið er við aðra í stórfjölskyldunni, nágretta og samfélag;
- Að hve miklu leyti fjölskylda, vinir og samfélag styðja foreldra og barn;
- Hve mikilvæg og hve góð samskipti barnsins við félag sína eru.

### **3. Leiðbeiningar handa fagfólki**

#### ***I. Grundvallaratriði sem móta starf fagfólks með börnum og fjölskyldum***

Hlutverk fagfólks á að mótast af skýru gildismati, siðgæði, þekkingu og hæfni. Eftirfarandi atriði eru mikilvæg þegar vinna á að því að efla og styrkja foreldrahæfni:

- Traust, sem byggt er á skilningi og virðingu fyrir manngildi allra í fjölskyldunni og annarra sem máli skipta;
- Öll afskipti og afleiðingar þeirra eiga að miðast við barnið sem einstakling, réttindi þess og þroskaþarfir;
- Tungutak á að vera vel skiljanlegt og viðmót vinsamlegt;
- Hlutleysi og sanngirni eiga að einkenna öll afskipti;
- Fagfólk og foreldrar vinna saman að því að gera foreldrana hæfari til að ala upp börn sín;
- Þverfaglegum og samþættum aðferðum er beitt þegar unnið er með börnum og fjölskyldum;
- Í afskiptum af fjölskyldum er styrkur foreldra, raunverulegur og mögulegur, metinn og byggt á honum til þess að gera hæfni þeirra sem mesta;
- Foreldrahæfni er ekki metin á grundvelli eins skaðlegt atviks en öryggi barnsins er þó lykilatriði og því má ekki með nokkru móti ógna;
- Fagleg ráð eru gefin bæði móður og föður eða öðrum forráðamönnum af báðum kynjum. Mikilvægi föðursins í uppeldinu er viðurkennt;
- Veita þarf þjónustu sem svarar þörfum foreldra úr minnihlutahópum.

#### ***II. Aðgengi að þjónustu***

Fagfólki ber að gera foreldrum grein fyrir þjónustu og stuðningi sem stendur þeim til boða og getur verið nauðsynleg til að efla foreldrahæfni þeirra. Fyrst skal bjóða þá þjónustu sem felur í sér minnst afskipti:

- Óformlegan stuðning (þ.e. að styrkja þau félagslegu tengsl sem foreldrarnir hafa þegar og hvetja til nýrra tengsla við fjölskyldu, vini, nágranna og aðra sem búa í grenndinni),
- Hálf-formlegan stuðning (þ.e. til að aðstoða foreldrana (hugsanlega með aðstoð ráðgjafa) til að ástunda sjálfshjálp, leita til stuðningshópa og fá aðra þjónustu og aðstoð), og loks
- formlegan stuðning (þ.e. aðstoð fagfólks).

Það er einnig mjög mikilvægt að fagfólk

- gangi úr skugga um að foreldrar fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á, til dæmis fjárstuðning eða annað það sem þeim ber að lögum;
- bendi foreldrum á lögfræðilegan ráðunaut ef nauðsyn krefur;
- leggi megináherslu á þjónustu sem hefur verið metin með viðurkenndum aðferðum og er sannanlega árangursrík til að auka foreldrahæfni.

### **III. Foreldrafræðsla**

Foreldrafræðsla getur verið með mismunandi móti og haft mismunandi markmið. Það sem í boði er ætti að vera nógu víðfeðmt og sveigjanlegt til að nýtast í öllum menningargeirum hvers samfélags. Foreldrafræðsla þarf meðal annars:

- að svara þörfum foreldra og veita almenna þekkingu um hlutverk foreldra og hvernig á að ala börn þannig upp að þau nái mestum mögulegum þroska;
- að taka á atriðum sem foreldrar þurfa hugsanlega að ræða við börn sín, eins og andfélagslegri hegðun, hvernig má koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu og efla sjálfsvitund;
- að beinast að tilteknum hópum foreldra eða börnum með sérþarfir. Þarna kann að vera um að ræða einstæða foreldra, fráskilda foreldra, foreldra sem samfélagið viðurkennir ekki og foreldra sem standa

höllum fæti, fatlaða foreldra eða fötluð börn ellegar fræðslu sem beinist að tilteknum aldurshópum.

#### **IV. Hvernig veita á foreldrafræðslu**

Í foreldrafræðslu sem miðast að því að bæta foreldrahæfni ætti fagfólk að stefna að því:

- að einbeita sér að hagsmunum barnsins þannig að þroski hvers barns verði eins mikill og kostur er;
- að gera sér grein fyrir þörfum barna, foreldra og fjölskyldna;
- að fella ekki dóma og líta ekki niður á fólk;
- að varast að foreldrar verði háðir fagfólki;
- að takast á við flókið fjölskyldulíf og svara þörfum hvers barns og hvernar fjölskyldu;
- að fara ekki á svig við starfsemi sveitarfélaga á hverjum stað;
- að þróa fræðsluna til að takast á við raunveruleg vandamál foreldranna og hvernig þeir ala upp börn sín;
- að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að fjölskyldur deili reynslu sinni hver með annarri og hlutverki sjálfshjálparhópa;
- að taka þjóðarbrott og aðra minnihlutahópa með í reikninginn;
- að byggja inn í þjónustuna aðferðir til að meta árangurinn af henni.

#### **V. Að veita upplýsingar um og auðvelda skilning á foreldrahæfni**

Fagþekkingu og hæfni ætti að einkum koma á framfæri í eftirtöldum tilgangi:

- Til að hjálpa báðum foreldrum að skilja þroskaferil barnsins og styðja þá í foreldrahlutverkinu;
- Til að veita foreldrum upplýsingar um rétt barnsins;
- Til að auðvelda foreldrum skilning á hvaða afleiðingar það hefur ef réttur barnsins er ekki virtur.



## **VI. Fagþekking**

Það er á ábyrgð fagfólks að:

- vita hvaða stofnun ber að veita hvaða þjónustu og hvaða stofnanir gegna tilteknum skyldum;
- fylgjast með því sem vitað er um þroskaferil barna og hvernig eigi að styðja við foreldrahæfni – og nota síðan þessa þekkingu í starfi sínu;
- geta unnið bæði með feðrum og mæðrum og jafnframt börnum og fjölskyldum;
- hafa þekkingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og foreldrastefnu Evrópuráðsins og skilja hvaða áhrif ákvæði þeirra hafa í raun;
- ætla sér tíma til að hugleiða starf sitt og áhrif þess á börn og foreldra, ekki síður en þroskaferil barna sem notið hafa þjónustu þeirra;
- meta eigið starf, fá bæði mat samstarfsmanna og andsvör frá börnum og foreldrum.